

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Akureyrar.

Lýsing.

- A-1 Um kwst.mæli á kr. 9.40 hverja kwst.
- A-2 Um kwst.mæli á kr. 2.70 hverja kwst. auk fastagjalds er nemi kr. 1400.00 á ári fyrir 25 m² gólfplöt eða minna af gólfleti af rúmi því er lýsa skal og kr. 40.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m². Þennan gjaldskrárlið má nota í verzlunum fyrir kæliskápa og 1-fasa mótorá upp af 3 kw., og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kw. sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfplatar.

Almenn heimilisnotkun.

- B-1 Um tvo kwst.mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Á ljósamælinn reiknast ljósagjald kr. 9.40 á kwst., en á hinn mælinn kr. 2.30 á kwst.
- B-2 Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á kr. 1.82 hverja kwst., auk þess greiðast fastagjöld kr. 1.16 á mánuði af hverjum fermetra gólfplatar íbúðar. Við útreikning á gólfleti skal telja öll herbergi og eldhús, enn fremur ganga, baðherbergi, geymslur og bílskúra.
- B-3 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar. Kr. 1.81 á kwst. og fastagjald ákveðið af stjórn Rafveitunnar.

Vélanotkun.

- C-1 Um kwst.mæli á kr. 4.56 fyrir hverja kwst. Þó skal minnsta árgjald vera kr. 650.00 á hvert kw. í málraun vélanna.
- C-2 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kw. er að ræða og notkunartími er meira en 1000 klst. á ári greiðist kr. 1500.00 fyrir hvert kw. upp að 50 kw. og kr. kr. 0.76 á kwst. fyrir fyrstu 200 000 kwst. á ársnotkun.
- C-3 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kw. er að ræða og notkunartími er meira en 1000 klst. á ári greiðist kr. 1240.00 fyrir hvert kw. sem er fram yfir 50 kw. og kr. 0.66 á kwst. fyrir umfram 200 000 kwst.
- C-4 Ef um meira en 30 kw. er að ræða og ársnotkunin er meiri en 1000 kwst. á ári, á kr. 2.65 hverja kwst.
- C-5 Um kwst.mæli á kr. 2.80 fyrir hverja kwst. til búreksturs.

Hitun.

- D-1 Um kwst.mæli á kr. 0.69 hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn með klukkurofa í þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.
- D-2 Um tvígjaldsmæli á kr. 0.95 hverja kwst. frá kl. 8 til kl. 23.
- D-3 Um tvígjaldsmæli á kr. 0.50 hverja kwst. frá kl. 23 til kl. 8.
- D-4 Um kwst.mæli á kr. 0.38 hverja kwst. ef straumurinn er rofinn frá kl. 8 til kl. 23.
- D-5 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar til hitunar, kr. 0.39 hver kwst. Svo D-6 og kr. 0.35 frá 1.5 til 1.10

Til hitunar í iðnaði.

- E-1 Á kr. 1.23 hverja kwst., enda sé þá minnsta notkun 10 000 kwst. á ári.
 E-2 Um tvígjaldsmæli á kr. 1.56 hverja kwst. frá kl. 8 til kl. 23.
 E-3 Um tvígjaldsmæli á kr. 0.77 hverja kwst. frá kl. 23 til kl. 8.
 E-4 Rafmagn til súgþurrkunar á kr. 0.85 fyrir hverja kwst.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir hann samkvæmt reglum er gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir og hitastillar notaðir.

Önnur notkun.

- Rafveitustjórn getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf, að dómi rafveitustjóra.
- Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
- Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

	Upp að 30 Amp. kr.	35—50 Amp. kr.	50—100 Amp. kr.	100—500 Amp. kr.	Yfir 500 Amp. kr.
Tegund mælitækis					
1-fasa kwst.mælar	138.00	170.00	184.00		
3-fasa kwst.mælar	233.00	357.00	461.00	768.00	1 689.00
Tvígjalds og mestastraumsælar		461.00	768.00	1 236.00	2 477.00
Klukkurofar og skiptiklukkur ..	589.00				

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

Opnunargjald.

- Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduroppnun veitunnar, kr. 100.00. Enn fremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
- Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, eða of stór, skal loka veitunni tafarlaust og verður hún ekki enduroppnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 100.00 á skrifstofu rafveitunnar.

Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal miða við flutningsgetu heimtauganna samkvæmt töflunni, sem hér fer á eftir. Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 metrum eða loftlínu fram úr 30 metrum, skal húseigandi greiða yfirlengdargjald eins og taflan sýnir. Þetta gildir eingöngu um byggingar utan skipulagðra byggingasvæða:

Liður	Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur		Loftlína	
		Lágmark kr.	Yfirlengd kr. á m.	Lágmark kr.	Yfirlengd kr. á stólpa
1.	25 1-fasa			1 200.00	1 600.00
2.	60 3-fasa			2 400.00	2 800.00
3.	60 3-fasa	3 800.00	220.00		
4.	100 3-fasa	4 900.00	250.00		
5.	200 3-fasa	9 900.00	410.00		
6.	350 3-fasa	17 400.00	560.00		

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu stytztu greiðfæra leið til varkassa. Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í notandalínu við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa.

Ýmis ákvæði.

- Sértaxtar hækka hlutfallslega eins og þeir taxtar, sem þeir byggjast á.
- Söluskattur er innifalinn í verðinu.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Akureyrar nr. 32. 24. janúar 1969.

Iðnaðarráðuneytið, 19. janúar 1970.

Jóhann Hafstein.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 77.

24. apríl 1970.

AUGLÝSING**um staðfestingu á skipulagsupprætti af Vík í Mýrdal.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 22. þ. m. staðfest skipulagsupprætt af Vík í Mýrdal.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Hvammshrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 24. apríl 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.